

Matís ohf
Vínlandsleið 12
113 Reykjavík

31.7.2025
UOS2501529/K.G.
14.03

Efni: Reglubundið eftirlit þann 25. Júní 2025 – Matís, Vínlandsleið

Þann 25. júní sl. fór fram eftirlit hjá Matís, Vínlandsleið. Í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila er bent á að yfirfara hvaða efni eru geymd saman í spilliefnaskáp og tryggja að ósamhæf efni séu aðskilin, í samræmi við öryggisblöð og viðeigandi reglur um meðhöndlun hættulegra efna.
2. Rekstraraðila er bent á að hafa öryggisblöð (SDS) betur aðgengileg fyrir starfsfólk á vinnusvæðum þar sem hættuleg efni eru notuð eða geymd.

Tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.4 í leyfi. Spilliefni eru geymd á gólfi undir dragskáp í efnaherbergi án lekavarna (lekabyttu), sem telst frávik frá kröfum um örugga geymslu og áhættustýringar vegna hættulegra efna.
2. Gr. 3.1 í leyfi. Rými í kjallara þar sem unnið er með erfðabreyttar lífverur voru ekki merkt, sem telst frávik frá kröfum um að setja skuli upp viðvörðunarskilti þar sem hætta af líffræðilegum toga kann að vera til staðar.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 32. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 21. ágúst 2025.

Virðingarfyllst

Kjartan Guðmundsson
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur